

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	29.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu er varða ófullnægjandi frágang í kringum löndunarlagnir, að prófanir á aðvörunarbúnaði olíuskilju hafa ekki farið fram, að skráningum á mælingum og viðhaldi olíuskilju er ábótavant og að mæling á olíu í fráveituvatni hefur ekki farið fram á tilsettum tíma. Ein ábending var sett fram um að uppfæra þurfi áætlun um rekstrarstöðvun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 3.400 m³ af bensíni í einum geymi og allt að 3.800 m³ af díselolíu, lífdíselolíu og gasolíu í tveimur geymum. Að auki gerir starfsleyfið ráð fyrir rekstri löndunarbúnaðar við löndunarbryggju og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Ótakmarkað gegnumstreymi bensíns er heimilt í stöðinni. Starfsleyfið gildir til 24. febrúar 2032.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því. Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti, árið 2023, varðandi að skráningum í rekstrarhandbók og á mánaðablöð var ábótavant. Skráningar hafa verið bættar líkt og fram kom í tölvupósti rekstraraðila til Umhverfisstofnunar vegna eftirfylgni fráviks og var frávikinu því lokað í framhaldinu. Í eftirlitinu kom í ljós að skráningar eru enn ekki með fullnægjandi hætti og vantar skráningar um skoðun á olíuskilju. Sett er því nýtt frávik þar um. Þrjár ábendingar voru gerðar er varða prófanir á aðvörunarbúnaði í olíuskilju, slit á malbiki í lekaþró og að uppfæra þyrfti öryggisblöð í stöðvarhúsi. Malbikið hefur verið lagað og öryggisblöðin uppfærð. Prófanir á aðvörunarbúnaði olíuskilju hafa hins vegar ekki verið gerðar og er því um frávik að ræða. Vinna skv. samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviks frá árinu 2022 vegna frágangs á geymslusvæði, er enn í gangi. Svæðið lífur mun betur út og öll olía hefur verið fjarlægð úr ílátum á svæðinu en vinna við förgun og uppröðun stendur enn yfir. Verður svæðið aftur tekið út í næsta eftirliti.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Þrjú lóðréttir stálgeymar eru í stöðinni og einn láréttur skolgeymir. Geymarnir standa allir í malbikaðri þró. Tveir geymar eru í notkun og innihalda þeir bensín og díselolíu. Þegar eftirlitið fór fram voru um 1,6 milljón lítrar af díselolíu og um 1,4 milljón lítrar af bensíni í stöðinni. Undantöppun geyma er sett á brúsa og látin

falla og olíunni síðan dælt aftur inn á geyminn. Verið er að setja upp betri búnað hvað þetta varðar.

Áfyllingaplanið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Allir geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2020 og 2021, nema skolgeymirinn, en hann stendur tómur. Minnt er á að óheimilt er að taka hann aftur í notkun nema að lokinni þykktarmælingu. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2020 og er næsta prófun því á næsta ári, eða á 5 ára fresti. Skráningar vantaði um þjónustu olíuskilju. Sjálfvirkt viðvörðunarkerfi er í olíuskilju en aðvörðun er ekki send í síma til stöðvarstjóra fari gildi olíu yfir viðmiðunarmörk skiljunnar og þyrfti að koma því við. Prófanir á aðvörðunarbúnaði hafa ekki farið fram skv. ábendingu í síðasta eftirliti og skráningar á athugun olíuskilju á a.m.k. 6 mánaða fresti eru ekki til staðar og er skráð frávik þar um. Gera skal mælingu á olíu í fráveituvatni á að lágmarki þriggja ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæling var síðast gerð í frárennsli árið 2020 og átti mæling því að fara fram í fyrra. Engin mæling var gerð og er því frávik þar um. Gera skal mælingu sem allra fyrst og senda niðurstöður hennar til eftirlitsaðila.

Rekstrarhandbók var yfirfarin í eftirliti. Skráningar á mánaðarblöð hafa verið bættar en þó vantar enn skráningar á mælingum og þjónustu við olíuskilju. Umsjónarmaður kemur og fer yfir stöðina á tveggja vikna fresti og gerir mælingar. Þess á milli er stöðin vöktuð af myndavélakerfi og af starfsmönnum flutningsbílanna. Starfsleyfi og þær áætlanir sem eiga að vera til staðar skv. starfsleyfi voru í rekstrarhandbók. Bent var á að uppfæra þarf áætlun um rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi og sendir eftirlitsaðili leiðbeiningar þar um. Öryggisblöð voru til staðar í stöðvarhúsi og eru þau einnig vistuð í tölvukerfi þar sem allir starfsmenn hafa aðgang að þeim.

Ekki er tekið á móti neinni úrgangsolíu í stöðinni. Bílstjórar Olíudreifingar sem annast olíuflutninga frá stöðinni, taka með sér olíublautan úrgang og önnur spilliefni ef við á.

Mælingar á virkni gufuendurnýtingarbúnaðar fór fram 4. og 5. október 2023 og voru mælingar innan marka starfsleyfisins eða $<1 \text{ gr/Nm}^3/\text{klst}$. Gufluendurnýtingarbúnaðurinn var þjónustaður og yfirfarinn um leið. Næstu mælingar eru áætlaðar nú í september. Minnt var á að senda skal niðurstöður mælinganna til eftirlitsaðila þegar þær berast rekstraraðila.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingarskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er til staðar.

Gengið var um stöðina og þró utan um geyma skoðuð. Búið er að lagfæra slit í malbiki þróarinnar. Stöðin er snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið. Hlið voru læst þegar að var komið. Farið var að löndunarlögnum á bryggju og frávik sett um að tæma þurfi og setja lok yfir stamp sem stendur við hlið lagnaþróarinnar. Stampurinn virðist vera notaður til þess að taka á móti leka/tæmingu á röri sem liggur yfir stampinum og var hann fullur af olíumenguðum sandi/drullu og vatni. Einnig mátti þar sjá fljótandi sígarettustubba sem við þessar aðstæður gætu valdið stórtjóni sé glóandi stubbunum hent þarna ofan í.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 3.8 í starfsleyfi	Tryggja skal að olía sleppi ekki út í umhverfið við löndun olíu. Tæma þarf og setja lok yfir stamp sem stendur við hlið þróarinnar um löndunarlagnir. Stampurinn var fullur af olíumenguðum sandi/drullu, vatni og rusli.
Gr. 3.9 í starfsleyfi	Prófanir á aðvörðunarbúnaði í olíuskilju hafa ekki verið framkvæmdar. Mikilvægt er að sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður sé virkur og prófaður reglulega skv. fyrir fram skráðu verklagi.
Gr. 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantaði á mánaðablöð um viðhald og mælingar á olíuskilju.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár. Mæling var síðast gerð árið 2020.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að uppfæra þarf áætlun um rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi og senda til eftirlitsaðila.

ANNAÐ


Meðfylgjandi fundarboðinu var áhættumat 2024 og skráningablað um geyma og lagnir rekstraraðila í stöðinni og var farið yfir það í eftirlitinu.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 04.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir

